

# **Íslenskar rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni**

**Ráðstefna Líffræðifélagsins og Vistfræðifélagsins  
í Norrænahúsinu og Öskju, 27. nóv. 2010**

# Líffræðileg fjölbreytni

Ráðstefna Líffræðifélagsins og Vistfræðifélagsins í Norræna húsinu 27. nóvember 2010

## Dagskrá:

Kl.	Höfundar	Titill
9.00	Ingibjörg S. Jónsdóttir Sigurður Á. Þráinsson, Umhverfisráðuneytinu	Setning Ávarp
9.15	Ásthór Gíslason	Líffræðileg fjölbreytni og nýlegar rannsóknir á henni á Mið-Atlantshafshryggnum
9.50	Jónas Páll Jónasson, Lilja Stefánsdóttir, Guðrún Marteinsdóttir, Jón Sólmundsson og Kristján Kristjánsson	Large and small scale patterns in groundfish species diversity
10.10	Steinunn Hilma Ólafsdóttir	Líffræðileg fjölbreytni kóralsvæða við Ísland
10.30 - 10.50	Kaffi	
10.50	Ingibjörg S. Jónsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir	Tegundafjölbreytni - samfélög og landslag
11.10	Sigurður H. Magnússon, Starri Heiðmarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Erling Ólafsson	Tegundafjöldi í vistgerðum á miðhálendi Íslands: háplöntur, mosar, fléttur, smádýr og fuglar
11.30	Ásrún Elmarsdóttir, Bjarni D. Sigurðsson, Edda S. Oddsdóttir, Arne Fjellberg, Bjarni E. Guðleifsson, Borgþór Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðríður G. Eyjólfssdóttir, Kristinn H. Skarphéðinsson, María Ingimarsdóttir og Ólafur K. Nielsen	Áhrif skógræktar á tegundaauðgi planta, dýra og sveppa
11.50	Ragnhildur Sigurðardóttir	Vistkerfisáhrif innfluttra trjátegunda
12.10	Áslaug Helgadóttir	Fjölbreytt gróðurfar í ræktuðu túni gaf meira fóður og dró úr illgresi
12.30 - 13.15	Hádegishlé	
13.15	Simon Jeffrey	European Atlas of Soil Biodiversity
13.45	Guðmundur Halldórsson, Anna María Ágústsdóttir, Jóhann Þórsson, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannesson	Áhrif landgræðslu á líffræðilega fjölbreytni
14.05	Starri Heiðmarsson	Svertuætt (Verrucariaceae) á Íslandi
14.25	Skúli Skúlason og Bjarni K. Kristjánsson	Verndun líffræðilegar fjölbreytni: mikilvægi vist- og þróunarfræðilegra ferla
14.45	Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason	Mikilvægi vistfræði fyrir þróun líffræðilegar fjölbreytni
15.05 - 15.25	Kaffi	
15.25	Kalina Kapralova, Sigurður S. Snorrason, M. Morrissey, Bjarni K. Kristjánsson, Guðbjörg Á. Ólafsdóttir og Moira Ferguson	Evolution of adaptive diversity and genetic connectivity in Arctic charr ( <i>Salvelinus alpinus</i> ) in Iceland
15.45	Guðbjörg Á. Ólafsdóttir, Myrsini E. Natsopolou, Alexandreou Andreou, Snæbjörn Pálsson, Sigurður S. Snorrason og Bjarni K. Kristjánsson	Diversity of threespine stickleback in Iceland: the complex role of contrasting habitats
16.05	Etienne Kornobis og Snæbjörn Pálsson	Subterranean amphipods diversity and the taxonomic status of Icelandic endemic species
16.25	Snæbjörn Pálsson	Erfðabreytileiki nokkurra tegunda á Íslandi
16.45	Samantekt	
16.50-18.30	Veggspjöld og veitingar í Öskju í boði Gróco	

---

## Veggspjöld:

Höfundar	Titill
Ester Rut Unnsteinsdóttirog Páll Hersteinsson	Árstíðabreytingar í stofnvistfræði hagamúsa á tveimur ólkum búsvæðum á SV- landi
Etienne Kornobis og Snæbjörn Pálsson	Speciation within the subterranean <i>Crangonyx islandicus</i>
Guðmundur S. Gunnarsson og Guðbjörg Á. Ólafsdóttir	Habitat preferences and behavioural ecology of juvenile Atlantic cod ( <i>Gadus morhua</i> )
Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir	Sveppir í greninálabreiðum
Hildur Magnúsdóttir, Zophonías O. Jónsson og Erla Björk Örnólfssdóttir	Population genetics of the common whelk ( <i>Buccinum undatum L.</i> ) in Iceland and the Faroe Islands
Kalina Kapralova, Valerie H. Maier, James McEwan, Arnar Pálsson, Zophonías O. Jónsson, Sigurður S. Snorrason, Sigríður Rut Franzdóttir, Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason	Molecular mechanisms underlying Arctic charr polymorphism and development
Karl Gunnarsson og Svanhildur Egilsdóttir	Tegundafjölbreytni sjóþörunga við Ísland
Leivur Janus Hansen og Gísli Már Gíslason	Physical nature of streams in the Faroe Islands with notes on their biota
M.D.S.T de Croos og Snæbjörn Pálsson	Signs of 'unnatural selection' in the shrimp <i>Parapenaeopsis coramandelica</i> off the coastal waters of Sri Lanka.
Ólafur Patrick Ólafsson, Gísli Már Gíslason og Guðni Guðbergsson	Population densities of brown trout in relation to temperature in geothermal stream systems
Óskar Sindri Gíslason, Snæbjörn Pálsson, Marinó F. Pálsson, Halldór P. Halldórsson og Jörundur Svavarsson	Erfðabreytileiki meðal grjótkrabba við Ísland; landnemaáhrif og uppruni
Ragnar Óli Vilmundarson og Arnar Pálsson	Genetic variation in morphological and immunological genes in Icelandic Arctic charr ( <i>Salvelinus alpinus</i> )
Sigrún Reynisdóttir, Kalina H. Kapralova, Valerie H. Maier og Arnar Pálsson	Genetic variation in mitochondrial and immunological genes in Arctic charr ( <i>Salvelinus alpinus</i> ) from Thingvallavatn
Simon Jeffery, Ciro Gardi og Karl Ritz	Life beneath our feet: The factory of life – why soil biodiversity is important
Starri Heiðmarsson	Sveppir á íslenskum fléttum
Ubaldo B. Hernandez og Einar Árnason	The Pantophysin I (Pan I) Locus in Atlantic Cod ( <i>Gadus morhua</i> ): A Continuation Study on DNA Sequence Variation
Ute Stenkewitz, Karl Skírnisson og Ólafur K. Nielsen	Parasite Diversity of the Rock Ptarmigan in Iceland

## Styrktaraðilar:

Umhverfisráðuneytið



*Við erum lifandi dæmi um líffræðilega fjölbreytni*

**Erindi**

## Líffræðileg fjölbreytni og nýlegar rannsóknir á henni á Mið-Atlantshafshryggnum

Ástþór Gíslason  
Hafrannsóknastofnunin

Í erindinu verður fyrst fjallað almennt um líffræðilega fjölbreytni, þýðingu hennar og varðveislugildi. Þá verður sjónum beint að alþjóðlegu rannsóknáataki 16 þjóða, MAR-ECO (Mid Atlantic Ridge Ecosystem), sem beinist að vistkerfi Mið-Atlantshafshryggjarins milli Íslands og Azoreyja, sem nú er á lokastigum og Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í. Megninmarkmið rannsóknanna er að rannsaka líffræðilega fjölbreytni og fæðutengsl lífvera á og yfir Mið-Atlantshafshryggnum og greina þá haf- og líffræðilegu ferla sem valda breytingum á þessum þáttum. Nokkrir rannsóknaleiðangrar hafa verið farnir í tengslum við verkefnið til að safna göngum, m.a. einn á íslenska rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni sumarið 2003. Umfangsmesti leiðangurinn var hins vegar farinn á norska rannsóknaskipinu GO Sars sumarið 2004. Í erindinu verður fjallað um þau gögn sem söfnuðust í þessum tveimur leiðöngrum. Í rannsóknunum var lífríki botnsins kannað og uppsjávarins frá yfirborði og allt niður á 4500 m dýpi. Auk hefðbundinna aðferða var beitt margvíslegri nýrri tækni við öflun gagna, svo sem svifsjám, ómönnuðum kafbátum, mælingum á lífljómun og bergmálsmælingum á mörgum tiðnum. Rannsóknirnar hafa staðfest það sem eldri rannsóknir höfðu sýnt, nefnilega auðugt lífríki á og yfir hryggjasvæðunum. Fjölbreytni reyndist mikil á og yfir hryggnum, sem í meginatriðum er lík því sem gerist yfir aðliggjandi landgrunnshöllum. Um það bil miðja vegu á milli Íslands og Azoreyja (48-53°N), við skil tiltölulega hlýs Atlantssjávar í suðri og kaldari sjávar í norðri, voru mörk fjölmargra svifdýrategunda og þar var lífríki einnig auðugra en norðar og sunnar. Þannig reyndist þörungavöxtur, framleiðni rauðátu og lífljómun (sennilega aðallega frá krabbadýrum og hveljum) tiltölulega há við skilin, og þar fannst einnig tiltölulega mikið af uppsjávarfiskum. Þá sáust fleiri hvalir og sjófuglar á þessu svæði en annars staðar. Þannig er útbreiðsla afræningja á efstu fæðuhjöllum (hvala og fugla) nátengd útbreiðslu fæðudýranna. Magn svifdýra snarminnkaði með dýpi, en lífmassi uppsjávarfiska reyndist mestur á 1500-2300 m dýpi og rétt yfir botni (innan við 200 m frá botni). Fjölmargar fágætar tegundir fundust í rannsóknunum og nokkrar sem eru nýjar fyrir vísindin.

# **Large and small scale patterns in groundfish species diversity**

Jónas Páll Jónasson\*, Lilja Stefánsdóttir and Guðrún Marteinsdóttir  
Institute of Biology, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

Jón Sólmundsson and Kristján Kristjánsson  
Marine Research Institute, Skúlagata 4, 121 Reykjavík, Iceland

Dissimilar responses of fish species to elevated oceanic temperatures can lead to changes in assemblage structure and local species richness. Here we present a macro analysis from a large number of scientific bottom trawl surveys from West Greenland to the Adriatic to compare the distribution of species richness and average number of individuals caught per hour of trawling across different fish communities. On a finer scale we examined the assemblage structure and diversity of groundfish in Icelandic waters using data from the annual autumn groundfish survey conducted by the Marine Research Institute (MRI) during 1996-2007. In spite of highly variable data the large scale analysis revealed several overall patterns. Going from north to south the total species richness and the total number of individuals caught per hour of trawling increase, while the average log maximum length of the individuals shows a consistent decrease. In contrast the average log maximum length of the species recorded remains stable throughout the area. In Icelandic waters four major species assemblages were identified. Assemblages in the hydrographically stable deep waters north of the country were consistent during the study, in contrast to the more variable shallow waters where a change in assemblage structure was observed. For this period of generally increasing sea temperature a shift was noted towards species representative of warmer temperatures. Diversity was highly variable both temporally and spatially and varied with depth and temperature. Species richness increased with temperature and time southwest of the country, but decreased northeast of the country. The different trends detected between the northern and southern areas illustrate the importance of performing analyses at the most appropriate scale.

\*e-mail: [jonajon@hi.is](mailto:jonajon@hi.is)

## Líffræðilegur fjölbreytileiki á kóralsvæðum

Steinunn Hilma Ólafssdóttir\*

Hafrannsóknastofnunin, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

Kóralsvæði eru talin vera þau búsvæði á sjávarbotni sem hafa hvað mestan líffræðilegan fjölbreytileka. Ástæður fyrir þessu geta verið margar. Kóralar hafa til dæmis sýnt sig geta breytt straumum við botninn og þannig er líklegt að þeir nái meiri fæðu til sín sem þeir síða úr sjónum. Aukið fæðuframboð nýtist þannig öðrum dýrum sem eru nálægt kóralnum og greiningar út frá myndefni sýna að sírar eru algengir á kóralsvæðum. Flókin bygging kóralsvæða getur einnig reynst mikilvæg sem felustaður fyrir fiska og önnur dýr.

Við Ísland virðast kóralsvæðin fylgja landgrunnskantinum úti fyrir suðurströnd landsins. Þau er helst að finna á 200-600 m dýpi. Stærð þeirra og umfang hér við land er ekki vel þekkt en útbreiðsla hefur verið kortlöögð út frá upplýsingum frá sjómönnum og gögnum frá BIOICE og botndýragagnagrunni. Hafrannsóknastofnunin hefur farið í þrjá leiðangra til að mynda kóralsvæði hér við land og skoða ástand þeirra, lífríki við þau og staðfesta útbreiðslu.

Kóralsvæði sem hafa verið könnuð hér við land eru í mjög misjöfnu ástandi og flest þeirra virðast hafa orðið fyrir röskun að einhverju eða miklu leyti. Gerð og útlit þeirra er mismunandi allt frá einstökum greinum upp í stór rif. Líffræðilegur fjölbreytileiki og tegundasamsetning er breytileg eftir gerð, ástandi og staðsetningu kóralsvæðanna. Helstu sambýlisdýr við þau eru önnur kóraldýr (svo sem hornkóralar, sæfjaðrir og sæfíflar), svampar (margar tegundir) og skrápdýr (slöngustjörnur og krossfiskar) en fjölmörg önnur dýr er einnig að finna. Fiskar sem halda sig á kóralsvæðunum eru karfi, keila, bláriðdar og geirnyt.

---

\* steinho@hafro.is

## Tegundarfjölbreytni – samfélög og landslag

Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir  
Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Tegundarfjölbreytni innan (*alpha*) og milli samfélaga (*beta*) og heildar fjölbreytni svæðis (*gamma*) varpar mikilvægu ljósi á dreifingu líffræðilegrar fjölbreytni í landslagi. Margvíslegir vistfræðilegir þættir hafa áhrif á hvernig breytileikinn deilist á þessi skipulagsstig og má þar nefna heildar fjölda tegunda (flóra, fána), framleiðni svæðisins og samspil milli fæðuþrepa. Þekking á því hvaða þætti takmarka og ráða dreifingu tegunda er mikilvæg fyrir varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Niðurstöður rannsókna á tegundarfjölbreytni eru hins vegar afar viðkvæmar fyrir því hvaða kvarði er notaður við mælingarnar, en af eðlilegum ástæðum er tilhneiting til að nota smáa kvarða við mæligar á fjölbreytni smásærra lífvera (örverur, hryggleysingjar) og mun stærri við mælingar á stórum lífverum (stór hryggdýr, tré) og torveldar það mjög allan samanburð. Jafnvel innan lífveruhópa gætir einnig mikils ósamræmis í notkun kvarða.

Í þessu erindi munum við fjalla um tegundarfjölbreytni plöntusamfélaga og þá þætti sem hafa áhrif á deilingu hans innan og milli samfélaga með dæmum frá Svalbarða og Íslandi. Við munum einnig fjalla um áhrif mismunandi kvarða við mælingar á fjölbreytni.


## Tegundafjöldi í vistgerðum á miðhálendi Íslands: háplöntur, mosar, fléttur, smádýr og fuglar

Sigurður H. Magnússon<sup>1</sup>, Starri Heiðmarsson, Guðmundur A. Guðmundsson  
og Erling Ólafsson

Náttúrufræðistofnun Íslands, Urriðaholtsstræti 6–8, 212 Garðabær og Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri

Árið 1999 hófust á Náttúrufræðistofnun Íslands rannsóknir á vistgerðum á miðhálendinu í þeim tilgangi að kanna hvaða vistgerðir eru þar, lýsa þeim, meta útbreiðslu og þróa aðferðir til að meta verndargildi þeirra [1]. Rannsökuð voru átta svæði norðan og sunnan jökla. Gróður var kannaður á alls 393 sniðum. Smádýrafána var rannsökuð á völdum gróðursniðum og þéttleiki varpfugla skráður á sérstökum sniðum, alls um 900 km að lengd. Á grunni fjölbreytugreininga voru ákvarðaðar 24 vistgerðir sem felldar voru í fimm vistlendi; eyðilendi, moslendi, mólendi, rýrt votlendi og ríkt votlendi. Í rannsóknunum fengust m.a. upplýsingar um tegundafjölda háplantna, mosa, fléttina, smádýra og fugla.

Tegundafjöldi var misjafn milli vistgerða og eftir tegundahópum (1. mynd). Háplöntutegundir voru flestar í mólendisvistum, einkum í víðikjarrivist, giljamóavist og lyngmóavist en fæstar í sandvikravist og eyravist sem báðar tilheyra eyðilendi. Mosaflóra var fjölbreyttust í vistgerðum moslendis, mólendis og votlendis en fábreyttust í vistgerðum eyðilendis. Fléttufungan var að jafnaði ríkust í vistgerðum þurrlandis en rýrust í votlendisvistum. Fjöldi fuglategunda í varpi var mestur í mólendi, rýru votlendi og í ríku votlendi en minnstur í vistgerðum eyðilendis og moslendis. Frekar líttill munur var á tegundafjölda smádýra milli vistgerða. Ríkustu vistgerðirnar voru breiskjuhraunavist og fléttumóavist en rýrast var smádýralífið í eyravist. Þegar á heildina er litið benda niðurstöðurnar til að mólendi sé tegundaríkast þeirra vistlenda sem finnast á miðhálendinu.



1. mynd. Tegundafjöldi háplantna, mosa og fléttina (teg./400 m<sup>2</sup>) í vistgerðum á miðhálendi Íslands. Lóðrétt strik tákna staðalskekkju meðaltals.

[1] Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Hörður Kristinsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson 2009. Vistgerðir á miðhálendi Íslands. Flokkun, lýsing og verndargildi. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09008. 176 bls.

## Áhrif skógræktar á tegundaauðgi planta, dýra og sveppa

Ásrún Elmarsdóttir<sup>1\*</sup>, Bjarni Diðrik Sigurðsson<sup>2</sup>, Edda Sigurdís Oddsdóttir<sup>3</sup>,  
Arne Fjellberg<sup>4</sup>, Bjarni E. Guðleifsson<sup>2</sup>, Borgþór Magnússon<sup>1</sup>, Erling Ólafsson<sup>1</sup>,  
Guðmundur Halldórsson<sup>5</sup>, Guðmundur A. Guðmundsson<sup>1</sup>,  
Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir<sup>1</sup>, Kristinn Haukur Skarphéðinsson<sup>1</sup>,  
María Ingimarsdóttir<sup>1</sup> og Ólafur K. Nielsen<sup>1</sup>.

1) Náttúrufræðistofnun Íslands 2) Landbúnaðarháskóli Íslands 3) Skógrækt ríkisins,  
Móglilsá 4) Entomological Research, Tjöme, Noregi 5) Landgræðsla ríkisins

Við skógrækt eða náttúrulega útbreiðslu birkiskóga verða breytingar á vistkerfi svæða sem skógarnir leggja undir sig. Breytingarnar felast einkum í því að trén draga úr því ljósi sem nær til jarðar og breyta skilyrðum fyrir plöntur og dýr. Einnig geta orðið breytingar á t.d. hitafari, jarðraka, lífrænu efni og frjósemi. Lífveruhópar bregðast á mismunandi hátt við þessum breytingum og hvort tegundum fjölgar eða fækkar getur verið háð því hverskonar land er tekið undir skóg. Hér á landi hefur áhugi á skógrækt verið að aukast jafnt og þétt og er mikilvægt að skógræktendur geri sér sem gleggsta grein fyrir þeim breytingum sem við má búast í kjölfar skógræktar. Algengustu gróðursettu tegundirnar eru síberíulerki, sitkagreni og stafafura, sem samtals eru um helmingur árlegrar skógræktar. Íslenskt birki er um þriðjungur gróðursettra trjáplantna og algengast er að gróðursett sé í mólendi.

Á árunum 2001–2006 voru áhrif skógræktar á lífríki könnuð á Austurlandi og Vesturlandi í verkefninu SKÓGVIST. Fimm lífveruhópar voru kannaðir; jarðvegsdýr, smádýr á yfirborði, sveppir, plöntur og varpfuglar. Mælingar voru gerðar í mólendi, birki-, lerki-, stafafuru- og sitkagreniskómum. Í verkefninu gafst færi á að kanna heildaráhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, en oftar en ekki hafa sambærilegar rannsóknir beinst að einum eða fáum lífveruhópum. Tegundafjöldi er notaður sem vísir á líffræðilega fjölbreytni.

Niðurstöðurnar sýna að heildarfjöldi tegunda er minnstur í þéttum og dimmum skógum en hann er svipaður í mólendi samanborið við elstu birkiskóga og og grisjaða greniskóga. Hins vegar svara lífveruhóparnir skógrækt á mismunandi hátt. Þannig fækkar plöntum og fuglum, jarðvegsdýrum og sveppum fjölgar en fjöldi smádýra helst svipaður. Það skiptir því máli hvaða hópar eru rannsakaðir þegar meta á áhrif skógræktar á fjölda tegunda. Venja er að líta til líffræðilegrar fjölbreytni þegar meta á gæði vistkerfa og er sívaxandi áhersla á að viðhalda henni. Hér á landi er eitt af markmiðum stjórnvalda í náttúruvernd að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og vernda búsvæði. Því er mikilvægt að þekking sé fyrir hendi á þeim breytingum sem verða á landi í kjölfar skógræktar.

## Vistkerfisáhrif innfluttra trjátegunda: Áhrif á lífmassa, rotnunarferla og efnafraði jarðvegsvatns

Ragnhildur Sigurðardóttir

Háskólfafélag Suðurlands, Tryggvagötu 36, 800 Selfoss

Vistkerfisáhrif tveggja innfluttra skógartegunda, Rússalerkis (*Larix sibirica*) og stafafuru (*Pinus contorta*), voru skoðuð í Hallormsstaðaskógi og borin saman við náttúrulegan birkiskóg (*Betula pubescens*) [1]. Skoðað var hvernig kolefni binst í þessum reitum í mismunandi hluta vistkerfisins og hvernig tegundirnar hafa áhrif á vistkerfisferla í skóginum. Mældur var rotnunarhraði lífræns efnis og lífmassi botngróðurs, jafnframt því sem áhrif skógargerðanna á efnafraði jarðvegsvatns voru skoðuð.

Lífmassi dauðs og lifandi lífræns efnis var mælt í öllum skógargerðunum. Niðurbrotshraði elftingar og birkilaufs var mældur yfir tveggja ára tímabil, jafnframt því sem niðurbrotshraði lerkinála og furunála var mældur í lerki og furuskógunum. Lífmassi og framleiðni tegundahópa plantna á skógarbotninum var mældur og flokkaður í i) jurtir, ii) grös, iii) mosa, iv) runna, v) elftingar og vi) hattsveppi. Leiðni og sýrustig var mælt í öllum reitum, auk þess sem mældur var styrkur Mg, Ca, K, Na, Cl, SO<sub>4</sub>, Fe, Al, Zn, NO<sub>3</sub>, NH<sub>4</sub>, PO<sub>4</sub>, IC (inorganic carbon) og TOC (total organic carbon).

Niðurstöður tilraunarnar bentu til að skógarreitir af lerki, furu og birki binda kolefni á mismunandi hátt í vistkerfunum, ekki hvað síst í uppsöfnun á dauðu og oft þurru lífrænu efni. Leiðna má líkum að því að þessi uppsöfnun lerkisins og furunnar að dauðu lífrænu efni endurspegli aðlögun tegundanna að skógareldum í náttúrulegum heimkynnum sínum. Með innflutningi þessara tegunda og víðtækum gróðursetningum gætu Íslendingar verið að innleiða nýja röskunarferla í íslenska náttúru.

Niðurstöður benda til þess að innfluttu tegundirnar hafi áhrif á niðurbrotsferla í vistkerfunum eins og þeir eru mældir með rannsókn á rotnunarhraða lífræns efnis í kerfunum. Af því má leiða að líffræðilegur fjölbreytileiki jarðvegslífvera verði fyrir áhrifum af völdum notkunnar þessara trjátegunda í íslenskum vistkerfum. Ennfremur hefur ræktun þessara tegunda áhrif á lífmassa undirgróðurs og tegundahópa þar sem fjölbreytni minnkar og vistkerfin verða einsleitari.

Niðurstöður tilraunarnar benda til þess að innfluttar tegundir geti haft áhrif á efnafraði jarðvegsvatns og þar af leiðandi grunnvatns. Furureitirnir virðast ná að draga til sín jónir sem rekja eiga uppruna sinn til andrúmslofts og/eða úrkomu. Lerki virðist aftur á móti hafa áhrif á efnaveðrun jarðvegsins á þann hátt að málmjónir sem algengar eru í íslenskri eldfjallajörð, t.d. járn og ál leysast út í vatnslausn. Áberandi var einnig í lerkireitunum hár styrkur nítrats, sérstaklega yfir sumarmánuðina frá byrjun júní fram á miðjan ágúst. Í birkireitunum má sjá merki ólífraennar bindingar kolefnis við efnaveðrun jarðvegs og má því ætla að heildarkolefnisbinding í birkiskógunum sé í raun meiri en mæla má í lífmassa skógarins sjálfs með hefðbundnum aðferðum.

[1] Ragnhildur Sigurðardóttir. 2000. Doktorsritgerð. Yale University.

## Fjölbreytt gróðurfar í ræktuðu túni gaf meira fóður og dró úr illgresi

Áslaug Helgadóttir<sup>1</sup>

Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík

Brýnt er að þróa sjálfbær ræktunarkerfi til þess að fullnægja þörfum mannkyns fyrir mat í framtíðinni. Liður í þeiri viðleitni er að finna leiðir til þess að auka framleiðslu í ræktuðu graslendi á sama tíma og draga þarf úr öllum aðföngum eins og kostur er. Nú liggja fyrir niðurstöður úr tilraun sem lögð hafði verið út á 32 stöðum víða í Evrópu og Kanada þar sem fjölbreytt jarðvegs- og loftslagsskilyrði ríkja. Greint var samspil milli tegunda í blöndu og metinn var áviningurinn af því að rækta blöndur tveggja grastegunda og tveggja belgjurtategunda umfram það að rækta þessar sömu tegundir í hreinrækt. Á öllum tilraunastöðunum kom í ljós að blöndur gáfu að meðaltali meiri uppskeru og vörðust illgresi betur en sí hreinræktin sem gaf mesta uppskeru. Áviningurinn kom fljótt í ljós, varði í a.m.k. þrjú ár og var tiltölulega óháður hlutfalli tegundanna í blöndunni. Því má álykta að ögn fjölbreyttari tegundasamsetning geti leitt til hagkvæmari og sjálfbærari framleiðslu af ræktuðu graslendi.

---

<sup>1</sup> [aslaug@lbhi.is](mailto:aslaug@lbhi.is)

Flutt fyrir hönd samstarfsaðila í COST Action 852.

# **Soil Biodiversity and the European Commission**

Simon Jeffery\* and Ciro Gardi

Joint Research Centre, The European Commission, Ispra, Italy

The requirement for a coherent approach to soil protection has become more recognised within the European Commission over recent years. This recognition led to the protection of soil being introduced as one of the thematic strategies to be developed within the Commission's 6th Environment Action Programme due to soils being recognized as "a fundamental environmental compartment performing vital ecological, social and economic services". These include: filtering and buffering of contaminants from water; providing a pool of biodiversity; a source of raw materials; a sink for atmospheric carbon dioxide; an archive of cultural heritage. The culmination of this work to date within the European Commission is the development of the Soil Thematic Strategy, with the aim of protecting soils across Europe. Soil biodiversity and the ecosystem services that it provides is a relatively new area of study, despite the economic value of soil ecosystem services being valued in the range of \$1.5 trillion annual [1,2], and as such data are often lacking. To counter this, one of the main goals with regard to soil biodiversity at the JRC, is raising awareness of issues surrounding soil biodiversity aimed at everyone from the public, through to academics and including policy makers. A large step in this direction was the production of the European Atlas of Soil Biodiversity, produced in conjunction with experts from Europe and around the world. This atlas is being distributed to as wide an audience as possible, with the aim of shining some light on this understudied area. An overview of some of the key points and statistics of the atlas will be discussed.

Much of life below ground is microbial, and an estimated 90 – 99% of the microbes have not yet been cultured in the laboratory, meaning much of it is still unknown. Even for larger organisms many species still remain to be discovered and their roles within the soil system fully elucidated. Currently, no baseline exists with regard to levels of soil biodiversity at anything beyond a local level in a very limited number of instances. Therefore, quantifying threats to soil biodiversity and which policy steps need to be undertaken to protect soil biodiversity, if any, remains problematic. As a first step to overcoming this issue, the JRC has produced the first map of pressures to soil biodiversity at the European scale, covering 24 of the EU member states. This map is presented in the atlas and highlights where the soil biota is likely to face relatively high pressures due to numerous anthropogenic and biological factors, ranging from soil organic carbon depletion through to invasive species. Finally, a brief overview of some ongoing research on soil biodiversity within the JRC will be presented and some very preliminary results will be presented.

[1] D.C. Pimentel, C. Wilson, C. McCullum, R. Huang, P. Dwen, J. Flack, Q. Tran, S. Saltman and B. Cliff, (1997), Economic and environmental benefits of biodiversity, *BioScience* **47** pp. 747–757.

[2] W.H. van der Putten et al. (2004), The sustainable delivery of goods and services provided by soil biota. In: D.H. Wall, Editor, *Sustaining Biodiversity and Ecosystem Services in Soils and Sediments*, Island Press, San Francisco (2004), pp. 15–43.

\*e-mail: simon.jeffery@jrc.ec.europa.eu

# Áhrif landgræðslu á líffræðilega fjölbreytni

Guðmundur Halldórsson, Anna María Ágústsdóttir, Jóhann Þórsson, Kristín Svavarsdóttir og  
Magnús H. Jóhannsson

Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella

Hnignun vistkerfa hefur víðtæk áhrif um heim allan og eru ein helsta orsök hnignunar líffræðilegs fjölbreytileika og markviss endurheimt vistkerfa er því nauðsynlegur þáttur í aðgerðum til að sporna við hnignun líffræðilegs fjölbreytileika. Þetta er m.a. viðurkennt í samþykkt aðildarríkjafundar Samningsins um líffræðilega fjölbreytni sem fram fór í Nagoya í Japan í október 2010.

Þurrleidivistkerfi Íslands hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Þau eru mörkuð af óhóflegri nýtingu og óblíðum umhverfisskilyrðum. Samspil þessara þátta leiddi til stórfelldrar eyðingar gróðurs og jarðvegs, sem ógnaði lífsafkomu og byggð á stórum svæðum á landinu um aldir og er nú helsta umhverfisvandamál landsins. Til að bregðast við þessu voru árið 1907 sett lög um „skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands“. Nú eru um 5% af flatarmáli landsins skilgreind sem landgræðslusvæði. Þessi svæði eru í mjög mismunandi ásigkomulagi og landgræðsluaðgerðir á þeim mismunandi og hafa einnig verið að breytast í tímans rás. Grunnaðgerðin er beitarfriðun, annaðhvort að fullu eða að mjög verulegu leyti. Öðrum aðgerðum er síðan fléttad saman við þessa grunnaðgerð. Algengasta aðgerðin er væg áburðargjöf, til að styrkja staðargróður og örva fræmyndun. Þar sem talið er að þessi aðgerð ein og sér dugi ekki til að skila árangri er einnig dreift fræblöndu, sem er yfirleitt blanda af túningli (60-70%), vallarsveifgrasi (20-30%) og stundum einnig rýgresi (5%). Aðrar aðgerðir eru einkum sáning eða gróðursetning lúpínu og sáning melfræs. Auk þess hefur öðrum aðferðum verið beitt í litlum mæli. Flatarmál nýrra svæða sem tekin eru til landgræðslu, ár hvert, er 5-10 þúsund hektarar. Á undanförnum 5 árum hafa verið græddir upp árlega um 3.500 hektarar lands með áburðargjöf inni saman, riflega 2000 hektarar með sáningu grasfræsblöndu, 3-400 ha með lúpínu og álíka með melgresi.

Landgræðslan hefur í samstarfi við aðrar stofnanir safnað gögnum um þróun plöntu- og dýrasamfélaga á landgræðslusvæðum. Í fyrilestrinum verða kynnt dæmi þar um og fjallað um hlutverk landgræðslu við endurheimt vistkerfa og landgæða á Íslandi. Auk þess er Landgræðsla ríkisins að byggja upp kerfi fastra mælireita á öllum landgræðslusvæðum þar sem aðgerðir hafa byrjað árið 1990 eða síðar. Þar er mældur kolefnisforði í gróðri og jarðvegi, ásamt því að þar eru gerðar mælingar á þekju gróður og tegundasamsetningu háplantna og byrkninga. Til viðmiðunar eru reitir á óuppgräddum svæðum við jaðar landgræðslusvæða. Nú eru í þessu kerfi um 450 reitir. Áætlað er að þessir reitir veri síðan mældir með 5-10 ára millibili. Þannig munu fást mun betri gögn yfir þróun plöntusamfélaga á landgræðslusvæðum enn nú eru til. Úrvinnsla úr þessum gögnum er hafin að nokkru leyti og niðurstöður þeirra verða kynnt í fyrilestrinum.

# Svertuætt (*Verrucariaceae*) á Íslandi

Starri Heiðmarsson\*

Náttúrufræðistofnun Íslands, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri

Svertuætt (*Verrucariaceae*) er stór ætt sem einkum geymir fléttumyndandi tegundir. Af ættinni eru um 70 tegundir þekktar á Íslandi. Ættin einkennist m.a. af að hafa aska í skjóðum og vaxa tegundir hennar í ýmsum búsvæðum þó þær séu mest áberandi í votum búsvæðum. Afmörkun ættkvísla innan ættarinnar hafa hingað til einkum byggst á þremur útlitseinkennum: Skilveggjum gróa, últiti þals og hvort þörungafrumur séu til staðar í gróbeði.

Nýlegar þróunarsögurannsóknir byggðar á raðgreiningu tveggja svæða, þ.e. nucLSU og RPB1 benda til að margar ættkvíslir innan ættarinnar séu margætta [1]. Í kjölfarið var tveimur nýjum ættkvíslum, *Hydropunctaria* og *Wahlenbergiella*, lýst. *Hydropunctaria* inniheldur margar tegundir sem vaxa við ferskvatn auk þess sem algengasta tegund ættarinnar, fjörusverta (*Hydropunctaria maura*), tilheyrir henni. Aðrar tegundir sem vaxa í fjörum virðast tilheyra *Wahlenbergiella* eins og grænsverta (*Wahlenbergiella mucosa*). Greint verður frá fyrstu niðurstöðum rannsókna á afmörkun og þróunarsögu íslenskra tegunda ættarinnar. Einnig verður fjallað um strimlaflögu (*Endocarpon pulvinatum*) sem er óvenjulegur fulltrúi svertuættar þar sem hún er runnkennd (Mynd 1).



Mynd 1. Strimlaflaga (*Endocarpon pulvinatum*) við Héraðsvötn nærri Villinganesi.

[1] C. Gueidan, o.fl., 2009 Taxon **58**, 184-208

# **Verndun líffræðilegrar fjölbreytni: mikilvægi vist- og þróunarfræðilegra ferla**

Skúli Skúlason\* og Bjarni K. Kristjánsson  
Hóskóli - Háskólinn á Hólum

Á undanförnum árum hefur þekkingu á tilurð líffræðilegrar fjölbreytni fleytt mikið fram. Mjög mikilvægt er að taka tillit til þess við gerð áætlana um verndun og nýtingu. Þannig hafa rannsóknir sýnt að vistfræðilegir þættir ráða miklu um þróun og eðli líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta á sérstaklega við um þróun ólíkra afbrigða, stofna og myndun nýrra tegunda, svokölluð vistfræðileg tegundamyndun. Slík þróun er sérstaklega áberandi á svæðum þar sem samkeppni milli tegunda um auðlindir er lítil. Þetta á t.d. við á eyjum eins og Íslandi þar sem fáar tegundir hafa haslað sér völl vegna landfræðilegrar einangrunar og ungs aldurs núverandi búsvæða (eftir síðustu ísöld). Eldvirkni og landrek hafa enn fremur skapað hér sérstök og fjölbreytt búsvæði fyrir lífverur. Rannsókir á ferkvatnsfiskum sýna að hérlandis hafa þróast margvísleg afbrigði, stofnar og jafnvel nýjar tegundir. Þessi þróun er greinilega tengd staðbundnum vistfræðilegum þáttum. Skilgreining Rio ráðstefnunar 1992 á líffræðilegri fjölbreytni gerir kröfu til að hugað sé að breytileika innan tegunda jafnt sem milli tegunda og vistkerfa. Hefðbundinn skilningur á líffræðilegri fjölbreytni miðast aftur á móti oftast við mat á fjölda tegunda. Þegar teknar eru ákvarðanir um verndurnaraðgerðir eða aðra umgengni við líffræðilega fjölbreytni er nauðsynlegt að taka tillit til þeirra þróunarferla sem valda líffræðilegri fjölbreytni. Þetta er ekki síst mikilvægt við aðstæður hérlandis. Áhersla á slíka ferla við mat á mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni er aftur á móti sjaldgæf. Mjög mikilvægt er að bæta úr þessu og Íslendingar hafa tækifæri til að hafa forgöngu um það.

## **References**

\*e-mail: skuli@holar.is

# **Mikilvægi vistfræði fyrir þróun líffræðilegrar fjölbreytni**

Bjarni K. Kristjánsson\* og Skúli Skúlason  
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Margvíslegar ógnir steðja að líffræðilegri fjölbreytni. Því er mikilvægt að skilja þá ferla sem mynda, viðhalda og breyta líffræðilegri fjölbreytni. Sérstaklega er mikilvægt að skilja betur hvernig þróunar- og vistfræðilegir þættir tengjast saman. Rannsóknir hafa sýnt að þessir þættir geta starfað á svipuðum tímaskala. Samband vist- og þróunarfræðilegra ferla má rannsaka með tvennum hætti. Annars vegar með því að skoða breytingar yfir tíma í svipfarslegum- og erfðafræðilegum þáttum samhliða þekktum breytingum í vistfræðilegum áhrifaþáttum. Hins vegar með því að bera saman svipfarslegan- og erfðafræðilegan breytileika milli skyldra stofna sem hafa haslað sér völl í ólíkum búsvæðum. Í fyrirlestrinum verður fjallað um tengsl vistfræðilegra- og þróunarfræðilegra þátta, með sérstakri áherslu á mikilvægi þéttleika lífvera fyrir samsvæða tegundamyndun.

## **References**

\*e-mail: bjakk@holar.is

# **Evolution of adaptive diversity and genetic connectivity in Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) in Iceland**

K. Kapralova\* and S. Snorrason  
Institute of Biology, University of Iceland

M. Morrissey  
Institute of Evolutionary Biology, University of Edinburgh

B. Kristjánsson  
Hólar University College, Iceland

G. Ólafsdóttir  
Westfjords Research Centre, University of Iceland

M. Ferguson  
Department of Integrative Biology, University of Guelph, Canada

The ecological theory of adaptive radiation predicts that the evolution of phenotypic diversity within species is generated by divergent natural selection arising from different environments and competition between species. Genetic connectivity among populations is likely also to play an important role in both the origin and maintenance of adaptive genetic diversity. Our goal was to evaluate the potential roles of genetic connectivity and natural selection in the maintenance of adaptive phenotypic differences among morphs of Arctic charr, *Salvelinus alpinus*, in Iceland. At a large spatial scale, we tested the predictive power of geographic structure and phenotypic variation for patterns of neutral genetic variation among populations throughout Iceland. At a smaller scale, we evaluated the genetic differentiation between two morphs in Lake Thingvallavatn relative to historically-explicit, coalescent-based null models of the evolutionary history of these lineages. At the large spatial scale, populations are highly differentiated, but weakly structured either geographically, or with respect to patterns of phenotypic variation. At the intra-lacustrine scale, we observe modest genetic differentiation between two morphs, but this level of differentiation is nonetheless consistent with strong reproductive isolation throughout the Holocene. Rather than a result of the homogenizing effect of gene flow in a system at migration-drift equilibrium, the modest level of genetic differentiation could equally be a result of slow neutral divergence by drift in large populations. We conclude that contemporary and recent patterns of restricted gene flow have been highly conducive to the evolution and maintenance of adaptive genetic variation in Icelandic Arctic charr.

\*e-mail: khk2@hi.is

# **Diversity of threespine stickleback in Iceland: the complex role of contrasting habitats**

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Myrsini Eirini Natsopoulou and Alexandreou Andreou  
Vestfirðir Research Centre, University of Iceland, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvik, Iceland

Snæbjörn Pálsson and Sigurður S Snorrason  
Institute of Biology, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

Bjarni Kr Kristjánsson  
Holar University Collage, Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrúkur, Iceland

Species and speciation are a key part of evolutionary biology. The earliest work focused on ecological species differences and natural selection as a driving force in speciation but as the understanding of molecular genetics grew there was a shift towards neutral models of evolution. The ecological basis of population divergence again gained popularity in the last decades and many of the most recent studies have emphasized the complexity and the multiple numbers of factors that potentially interact in parapatric divergence. In the summer of 2008 threespine stickleback were sampled from 34 sites in 22 lakes in Iceland inhabiting three main substrate types: mud, vegetation and rock. Based on preliminary results from this survey we focused particularly on two potential contributors to the parapatric divergence of Icelandic lava and mud threespine stickleback morphs; 1) selection by parasites and 2) selection for varying social interactions.

According to theory, differential parasitism between host populations has the potential to promote adaptation to local environments and thus rapid divergence due to host-parasite co-evolutionary interactions. Parasite mediated selection has been found to operate on the highly polymorphic genes of the major histocompatibility complex (MHC). We found parallel divergence in parasite infection and MHC allele number between the sympatric lava and mud stickleback morphs. Consequently, parasite mediated selection could play a part in the divergence of the benthic lava-mud morphs in Icelandic lakes.

In nature animals collect information about their environment privately or through socially transmitted information. The information that is gathered individually may be beneficial in terms of being more accurate and up to date while social learning can save time and energy, thereby minimizing the cost of collecting information. We experimentally examined the role of habitat complexity in shaping social and learning behavior in Icelandic stickleback. Consistent differences were found between lava and mud stickleback in the use of social and spatial information to locate a food source. Sticklebacks originating from mud habitats were more likely to join a demonstrator at the feeder, approach conspecifics and aggregate more closely than lava sticklebacks. Discrepancies in the parallel pattern of aggregation, boldness and social learning between mud and lava populations indicate that the aptitude for social learning while foraging has evolved independently of general social behavior.

# Subterranean amphipods diversity and the taxonomic status of Icelandic endemic species

Etienne Kornobis & Snæbjörn Pálsson<sup>✉</sup>

Department of Biology, University of Iceland, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Cryptic diversity refers to groups of individuals which are morphologically similar but are reproductively isolated and can thus be classified as two or more distinct species. Its detection is important in species assessments and conservation decisions. Cryptic diversity has been frequently observed in past decades within subterranean species and particularly within amphipods. In addition, subterranean amphipod species are subject to convergent evolution of their morphological traits. The lack of phylogenetically informative traits in this group has made taxonomical classification problematic, both within and among genera.



Figure 1: *Crangonyx islandicus* and *Crymostygius thingvallensis*

Two new endemic species of subterranean freshwater amphipods, *Crangonyx islandicus* and *Crymostygius thingvallensis* were recently discovered in groundwater underneath porous lava fields in Iceland. Morphological and meristical features of *Crangonyx islandicus* compared to other *Crangonyx* species indicates that it might represent a new genus [1]. *Crymostygius thingvallensis*, defines a new family [2], is rare and has been found in two locations, lake Thingvallavatn and from Arctic charr in Jökulsá á Fjöllum.

These two species belong to the Crangonyctoidea super family, which has representatives in North America and the Eurasian continent. In order to confirm their taxonomy we sequenced nuclear genes (18S rRNA and 28S rRNA, about 3000 bp per individual) from the two species from Iceland and from species from North-America, Europe and Asia. A phylogenetical analyses of the variation, between our sequences and sequences available in genebanks, resulted in phylogeny comprising 21 amphipod species in 10 genera. Cryptic diversity within *C. islandicus* species was investigated by sequencing two mitochondrial genes (COI and 16S).

